

Döfðblaðið



fréttabréf Félags heyrnarlausra

1. tbl. 13. árg. desember 2012



Mannréttindi valda togstreitu	2
Stefnumótun fyrir krefjandi félagsmenn	3
Loftlampar í Heyrleysingjaskólanum	4
Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra	6
Fataverslun Next hlýtur viðurkenningu félagsins	8
Heyrnarlausir vilja standa jafnfætis heyrandi í samskiptamálum	10
Norðurlandaráðsfundur DNR í Nuuk á Grænlandi .	12
Til London á alþjóðlegt keilumót	14
Litlanefnd F4x4 hlýtur Múrbrjótinn	16
Dagur Döff 2012	18
Skýrsla um þjónustu heyrnarlausra til framtíðar	19
Félagsstarfið í Gerðubergi fyrir alla	20
Kveðjumessa séra Miyako Þórðarsonar	21
Úr gömlum lögum Félags heyrnarlausra	21
Táknmálsstafróf handa öllum 6 ára bekkjum landsins	22
Nýir starfsmenn í Félagi heyrnarlausra	22
Kolbrún Völkudóttir valin maður ársins 2011	24
Háð og spottar	25
Sagan um Markús, heyrnarlausan skósmið 1851-1918	26
Heyrnarlausir í gönguferðir með Útivist í sumar	28
Sumarnámskeið fyrir börn í táknmálsumhverfi	29
Hvað gerir góðan táknmálstúlk?	30

**Döffblaðið – Fréttabréf Félags heyrnarlausra,
1. tölublað – 13. árgangur – desember 2012**

Útgefandi: Félagi heyrnarlausra,
Grensásvegi 50, 108 Reykjavík.

Sími: 561 3560, fax: 561 3567.

Netfang: deaf@deaf.is

Veffang: www.deaf.is

Ábyrgðarmaður: Heiðdís Dögg Eiríksdóttir

Ritstjóri: Kristinn Jón Bjarnason og Heiðdís Dögg Eiríksdóttir

Prófarkalestur: Þorbjörn Halldórsdóttir

Auglýsingastjóri: Pröstur Friðþjófsson

Umbrot: Litróf

Prentun: Litróf


Ljósmyndir: Aðsendar myndir

Stjórn Félags heyrnarlausra: Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, formaður, Guðmundur Ingason, varaformaður, Bernharð Guðmundsson, Hjörðís Anna Haraldsdóttir og Kolbrún Völkudóttir meðstjórnendur.

Upplag: 800 eintök

ISSN: 1670-6013

Mannréttindi valda togstreitu



Árið 2012 hefur verið annasamt hjá Félagi heyrnarlausra eins og árin á undan. Eitt af stórum verkefnum, sem Félagið hefur verið að sinna, er stefnumótun sem margir félagsmenn koma að, ásamt stjórnarmönnum. Stefnt er að því að ljúka stefnumótunarvinnu fyrir vorið 2013. Mörg verkefni hafa verið í höndum Fh í ár, má þar nefna fulltrúaí málnefnd um íslenska táknmálið, stjórn SHH, samstarfshópa í tengslum við aldraða og börn, erlent samstarf, ÖBÍ, og hóp í textunaráróðri, ásamt mörgum fleiri verkefnum.

Dag einn þegar ég var á fundi fyrir hönd Félags heyrnarlausra, fékk ég að „heyra“ að ég væri kröfuhörð. Ef við svíptum hulunni af orðinu þá býst ég við að ég sé kannski frek í augum sumra sem vilja meina að ég sé kröfuhörð. Sumir segja að ég ætti að vera þakklát fyrir alla þá þjónustu sem ég fæ og aðrir segja að ég sé heppin að geta fengið táknmálstúlk. Ég efast ekki um að margir Döff hafi verið í sömu sporum og ég.

Ef við köfum aðeins í hugtakið mannréttindi þá koma forréttindi eða heppni þar hvergi nálægt. Fólk hefur lagt þrenns konar skilning í hugtakið mannréttindi. Í fyrsta lagi lagalegan skilning sem er skilgreindur í réttindaskrám og alþjóðasamþykktum, t.d. í mannréttindayfirlýsingu SP. Í öðru lagi pólitískan skilning þar sem talað er um að tryggja fólk réttindi, hvort sem þau eru nefnd í lagalegum samþykktum.eða ekki. Í þriðja lagi siðferðilegan skilning þar sem réttindi eru óháð staðbundnum aðstæðum eins og samfélagi eða efnahagi.

Víða má sjá að mannréttindi valda togstreitu og mörg ráð eru til að leysa úr þessari togstreitu en mun ég ekki fara nánar út í þau hér.Í Hins vegar stend ég fast á því að Döff eigi rétt á því að vera virkur þjóðfélagsþeign til jafns við aðra og eigi alltaf rétt á táknmálstúlk óháð stað, stund og kringumstæðum. Ég er stolt mannréttindafrekja og geri ég, með bros á vör, það sem þarf til að eyða hindrunum sem samfélagið setur fyrir mig og mína, óháð því hve langan tíma það tekur.Hver dagur í bið er dýr fyrir íslenska þjóðfélagið.

Baráttukveðjur,
Heiðdís Dögg formaður Félags heyrnarlausra 2012.

Stefnumótun fyrir krefjandi félagsmenn

Eftir Daða Hreinsson

Í framhaldi af góðum rekstri og góðu starfi Félags heyrnarlausra á síðustu árum hefur félagið tekið ákvörðun um að „naflaskoða“ starfsemi og markmið félagsins til næstu 3-5 ára og fá Capacent til aðstoðar í þeirri vinnu. Ég, sem framkvæmdastjóri fyrri hluta ársins, tók þátt í undirbúningsstarfi að stefnumótuninni með Capacent. Það var ánægjulegt að heyra fulltrúa þeirra segja, eftir heildar gagnaöflun af starfsemi félagsins, að svo vítt og breitt þjónustustig hafi þeir aldrei séð hjá nokkru félagi. Einnig sögðu þeir að félagsmenn Félags heyrnarlausra væru mjög krefjandi, sem ég tel auðvitað gott, því það er jú félagsmannanna að móta félag líkt og Félag heyrnarlausra. Það verður spennandi að sjá hver niðurstaða stefnumótunarinnar verður og hvaða breytingar og áherslur verða á starfsemi Félags heyrnarlausra á næstu árum.

Breytingar hafa orðið á yfirstjórn daglegs reksturs félagsins. Ég hef fært mig tímabundið úr starfi framkvæmdastjóra í fjármálastjóra í hlutastarfi. Ástæðan er sú að mér bauðst starf til að taka þátt í endurskipulagningu og uppbyggingu á gömlu og rótgrónu fyrirtæki, tækifæri sem ég gat ekki

hafnað. Stjórn Félags heyrnarlausra ákvað að lána mig út í verkefnið í 6-8 mánuði. Í staðinn tók Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, formaður, við daglegu starfi framkvæmdastjóra í hlutastarfi og mun hún sinna daglegu starfi í réttinda- og hagsmunamálum félagsins. Mitt hlutverk sem fjármálastjóri er að halda utan um allt tekju- og útgjaldastreymi félagsins, bókhald, fjáraflanir og umsóknir um samninga sem félagið gerir við hið opinbera. Þakka ég stjórninni fyrir að gefa mér tækifæri til að sinna þessu sérverkefni, sem er mér mjög hugleikið. Einnig mér finnst frábært tækifæri á að döff taki meiri ábyrgð á daglegum hagsmunum döff og tryggi réttindi sín á eigin forsendum. Þegar ég skrifa þennan pistil hefur þetta fyrirkomulag verið í 4 mánuði og gengið afskaplega vel.

Fjárhagsstaða félagsins er mjög sterk og nú er verið að leita að hentugu húsnaði til kaups en erfiðlega hefur gengið að finna aðstöðu sem rýmir bæði félagsstarf, skrifstofu og fleira. Vinnan er á fullu og tvær fasteignasölur að leita að góðum húsakosti fyrir okkur. Ég sakna þess að sjá ykkur ekki dags daglega en við munum sjást síðar gott fólk.



Loftlampar í Heyrnleysingjaskólanum

Árið 1971 fluttist Heyrnleysingjaskólinn í nýtt húsnæði við Leynimýri. Ef til vill vita ekki margir um sögu lampans í skólanum sem nefndist „Brandur“ eftir skólastjóranum Brandi Jónssyni.

Í viðtali Morgunblaðsins (19. febrúar 2006) við Pétur B. Lúthersson, húsgagna- og innanhússhönnuð kemur fram að Pétur fékk það verkefni að hanna lampa fyrir skólann sem var þá í byggingu. Í viðtalini segir Pétur ástæðuna fyrst og fremst veraþá að flúrlampar eins og þeir sem mest voru notaðir í opinberum

byggingum, trufluðu viðkvæm tæki, sem notuð voru við kennslu heyrnarlausra barna.

Lampinn „Brandur“ er um hálfur metri í þvermál og var hannaður bæði sem loftlampi, skrúfaður á loft og sem hengilampi. Í lampanum eru þrjár 100W perur, sem gefa gott ljós niður og mjúka birtu upp á við. Málmsteypa Ámundur Sigurðssonar við Skipholt framleiddi lampann í nokkur hundruð eintökum, en framleiðslu hans var hætt fyrir nokkrum árum.

Pétur segir að Brandur hafi ekki verið ódýr, enda hafi



Loftlampinn
Brandur


framleiðslan útheimt mikla verkhæfni, sem var á fárra fær: „Lampinn er búinn til úr álplötum, sem dregnar voru á móti rennibekk og stóri belgurinn var dreginn

úr einu stykki. Mótin eru mikil kjörsmíð því þau voru í pörtum svo hægt væri að ná þeim úr forminu að loknu rennsli.“



Útskriftarhópur Döfmenntaskólans vorið 2012





LEIÐIN AÐ MARKINU

Saffran styður íslenska afreksmenn í íþróttum.

Með stuðningnum léttum við kostnaðinn sem afreksfólk stendur frammi fyrir við undirbúning fyrir stórmót og hvetjum unga íþróttaiðkendur til dáða.

Við erum stolt af íþróttamönnunum okkar sem voru landi og þjóð til sóma á leikunum í sumar.

Við höldum áfram að styðja þá á leið þeirra að næsta marki.

SAFFRAN

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra

Eftir Kristinn Jón Bjarnason

Í nýlegu fréttabréfi Alheims-samtaka heyrnarlausra (WFD) er fjallað um réttindi fatlaðra í mannréttinda-sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem er mikilvægt skref í átt til jafnréttis.

Fyrst má spyrja, hvað er sáttmáli? Sáttmálinn fjallar m.a. um réttindi fatlaðs fólks. Sáttmálinn fjallar líka um hvernig á að tryggja réttindi fatlaðs fólks. Sameinuðu þjóðirnar er stofnun þar sem þjóðir í heiminum hittast til að ræða og komast að samkomulagi um mikilvæg mál sem varða okkur öll. Sameinuðu þjóðirnar vilja frelsi og jafnrétti allra, að réttindi allra séu virt og allir njóti sömu virðingar. Mannréttindi eru réttindi sem eiga að vera sjálfsögð fyrir alla. Dæmi: Allir eiga rétt til að lifa. Allir eiga rétt á frelsi. Allir eiga rétt á virðingu. Sameinuðu þjóðirnar hafa búið til samning um réttindi fatlaðs fólks. Margar þjóðir hafa lofað að fylgja þessum samningi. Þessi samningur kallast mannréttindasáttmáli.

Pann 30. mars 2007 var Ísland eitt af fyrstu ríkjum heims til að undirrita mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun sem er mjög mikilvægt skref í átt til jafnréttis. Íslensk stjórnvöld hafa ekki fullbókað sáttmálan ennþá því enn á eftir að setja efni sáttmálan í löggjöf og fullgilda hann. Nefnd, skipuð í febrúar 2008, fjallar um einstakar greinar samningsins og gerir

grein fyrir nauðsynlegum aðgerðum sem þarf til að fullgilda hann. Endurskoða þarf lög og jafnvel gera lagabreytingar vegna þessa samnings. Helstu tillögur nefndarinnar eru m.a. að textun verði löggilt, sbr. ákvæði 21. gr. samningsins. Löggilda þarf textun almenns menningarefnis skv. 30. gr. samningsins. Nefndin hefur beint til mennta- og menningar-málaráðherra að hann veki sérstaka athygli menn- ingarstofnanna á þessum skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist.

Sáttmálinn nær einnig yfir réttindi heyrnarlausra. Til dæmis eiga heyrnarlausir rétt á að fá menntun og upplýsingar á táknmáli, fá táknmálstulkun, að táknmál sé viðurkennt og notað og menningog mál kynnt í heimi heyrnarlausra. Að auki hefur táknmál verið flokkað sem tungumál sem er jafngilt talandi máli. Einnig eru um 50 greinar sem eiga að vernda heyrnarlausa á öllum aldri á öllum sviðum lífsins.

Í fréttabréfi WFD kemur fram að samningur nefnir átta sinnum táknmál í fimm mismunandi eftirfarandi greinum.

Í 2. grein eru útskýringar: Tjáskipti er ekki bara talað mál, heldur eru til margar aðrar tjáskiptaleiðir. Mismunun er það þegar fatlað fólk er skilið út undan eða þegar ekki er tekið tillit til fötlunar þess. „Viðeigandi

hagræðing“ er það þegar gerðar eru ákveðnar breyt- ingar til að mæta sérstökum þörfum fatlaðs fólks.

Í 9. grein er fjallað um aðgengi: Gera þarf breyt- ingar til að fatlað fólk geti lifað sjálfstæðu lífi. Tryggja þarf aðgengi fatlaðs fólks að byggingum, umhverfi, samgöngutækjum og upplýsingum. Setja þarf reglur um aðgengi fyrir alla og passa upp á að farið sé eftir þeim. Allt sem hindrar aðgengi þarf að fjarlægja. Leiðbeiningar á opinberum stöðum eiga líka að vera á blindraletri og á auðskildu máli. Þá kemur m.a. fram að láta þarf í té þjónustu milliliða eins og t.d. fag-lærðra táknmálstúlka, með það að markmiði að auðvelda aðgengi að byggingum og annarri aðstöðu sem almenningi er opin.

Í 21. grein er fjallað um tjáningar- og skoðanafrelsi og aðgengi að upplýsingum: Fatlað fólk á rétt á að tjá sig og segja skoðanir sínar eins og aðrir. Gæta þarf að fatlað fólk hafi aðgengi að þeim samskiptaleiðum sem henta hverjum og einum. Fatlað fólk á rétt á upplýsingum sem eru fyrir alla. Til dæmis þegar opinber samskipti eiga sér stað. Það á líka að hvetja fyrirtæki, fjölmíðla og þjónustuaðila til að fara eftir því. Upplýsingarnar eiga að vera aðgengilegar og skiljanlegar og mæta þörfum fatlaðs fólks. Til dæmis með blindraletri,

táknmáli, heyranlegum boðum, auðskildum texta og öðrum tjáskiptaleiðum. Heyrnarlausir eiga því að hafa val á samskiptaleiðum þegar opinber samskipti fara fram. Þá á að viðurkenna notkun táknmáls og stuðla að notkun þess.

Í 24. grein er fjallað um réttinn til menntunar: Fatlað fólk á rétt á viðeigandi hagræðingum til að jafna rétt þeirra til menntunar án þess að því sé mismunað. Öllum fötluðum skal gert kleift að öðlast menntun á öllum skólastigum, einnig símenntun, starfsþjálfun og fullorðinsfræðslu. Þá á að auðvelda fötluðu fólk i að læra táknmál og stuðla að samsemd heyrnarlausra með tilliti til tungumáls. Einnig þarf að tryggja að menntun einstaklinga, fari fram á þeim tungumálum og samkvæmt leiðum sem henta viðkomandi einstaklingi -, í umhverfi sem ýtir undir framvindu í námi og félagslegan þroska. Gera þarf ráðstafanir til þess að fatlað fólk nái sem bestum árangri í námi og félagsþroska svo það geti tekið fullan þátt í sam-felaginu. Fatlað fólk á rétt á því að kennrarar hafi sér-bekkingu á fötlunum og sérkennsluaðferðum eða séu meðvitaðir um vitund um fötlun og notkun bættra og óhefðbundinna aðferða og forma í samskiptum, auk kennslutækni og kennslu-efnis sem ætlað er að styðja fatlað fólk.

Framhald á bls. 8

Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?



RARIK hefur þjónað landsmönnum í 65 ár og dreifikerfið verður æ öruggara með hverju ári, enda mikið í húfi fyrir verðmætasköpun okkar, til sjávar og sveita.

Fataverslun Next hlýtur viðurkenningu félagsins

Félag heyrnarlausra veitti fataversluninni Next viðurkenningu fyrir samstarf í atvinnumálum heyrnarlausra.

Í Fréttablaðinu dags. 15. febrúar 2012 kemur fram að fataverslunin Next hefur hlotið viðurkenningu. Í fréttinni er sagt að „Verslunin hefur ráðið fjóra heyrnarlausa í vinnu á lager fyrirtækisins, en það að vera svo mörg saman á einum vinnustað gerir þeim kleift að eiga samskipti allan daginn á eigin móðurmáli, íslensku táknumáli. Haraldur Bergsson, framkvæmdastjóri Next, segir að hugmyndin að samstarfi við Félag heyrnarlausra hafi komið til þar sem verslunin var að leita að góðu og áreiðanlegu starfsfólki.“

Í fréttinni segir Haraldur „Við fengum þau fjögur svo til okkar og höfum ekki séð eftir því, vegna þess að þau eru hörkudugleg og góðir starfskraftar. Svo smellpassa þau líka inn í hópinn hjá



okkur, þannig að við teljum okkur heppin að hafa fengið þau til liðs við okkur.“

Í samtali við Fréttablaðið sagðist hópurinn finna sig einstaklega vel í starfi hjá Next. Þar væri komið fram við þau eins og jafningja og samstarfsfólkid væri áhugasamt um að fræðast um táknumál. Loks væri vinnan sjálf skemmtileg og nóg að gera.



Samningur Sameinuðu þjóðanna ... frh.

Í 30. grein er fjallað um þátttöku í menningarlifi, tómstundum og íþróttum: Fatlað fólk skal eiga rétt á, til jafns við aðra, að sérstök menningarleg samsemd þess og samsemd með tilliti til tungumáls sé viðurkennd og njóti stuðnings, þ.m.t. táknumál og menning heyrnarlausra. Fatlað fólk hefur sama rétt og aðrir til að taka þátt í menningarlifi.

Til dæmis eiga sjónvarpsþættir, kvíkmyndir og leikhús og annað menningarefnir að vera aðgengilegt fyrir alla. Gæta þarf að fatlað fólk hafi aðgengi að stöðum þar sem menning fer fram, til dæmis í leikhúsum, söfnum, kvíkmyndahúsum, bókasöfnum og upplýsingastöðum fyrir ferðamenn. Nýta skal skapandi og listræna

hæfileika fatlaðs fólks og viðurkenna að þeir geriþjóðfélagið ríkara. Hvetja á fatlað fólk til að taka þátt í tómstundum og íþróttum í skólum. Það á líka að hvetja og aðstoða fatlað fólk til að taka þátt í algengum íþróttagreinum. Fatlað fólk á líka að fá tækifær til að skipuleggja og taka þátt í sérstökum íþróttagreinum

fyrir fatlaða. Gæta þarf að fatlað fólk hafi aðgengi að ferðamannastöðum og byggingum þar sem fram fara íþróttir og tómstundir. Börn með fötlun skulu hafa jafnan aðgang að þátttöku í tómstundum. Fatlað fólk á rétt á aðgengi til jafns við aðra þegar verið er að skipuleggja ferðamála-, tómstunda- og íþróttaviðburði.



Við bjóðum góða þjónustu



Okkar markmið er að gera góða þjónustu betri

Viðskiptavinir Íslandsbanka eru ánægðustu viðskiptavinir fjármálafyrirtækja samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni 2011.

Við erum stolt af þessum árangri sem er okkur mikil hvatning til að halda áfram á þeirri braut að gera góða þjónustu á öllum sviðum enn betri.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000



Heyrnarlausir vilja standa jafnfætis heyrandi í samskiptamálum

Eftir Kristinn Jón Bjarnason

Heyrnarlausir vilja standa jafnfætis heyrandi í samskiptum. Sú tækniprórun sem hefur orðið í gegnum tíðina skiptir heyrnarlausa miklu máli. Heyrnarlausir eiga ekki í vandræðum með að eiga samskipti hver við aðra, en vandamál skapast hins vegar í samskiptum við heyrandi.

Allt frá upphafi símans hefur ríkt mikil óvissa í símámálum heyrnarlausra en lítið hefur verið gert í samræmingu textasímakerfa eða myndsímakerfa milli landa og sum lönd hafa jafnvel notað margar lausnir sem ekki hafa getað tengst saman.

Fyrsti vísis að textasíma varð til í Bandaríkjunum árið 1964 þegar Robert Weitbrect hannaði svokallaðan „acoustic coupler“ sem gerði tveimur fjarritum (telextafkjum) kleift að tala saman í gegnum almenna símanetið. Til Evrópu komu fyrstu textasímarnir frá Bandaríkjunum, fluttir inn af einstaklingum á ferðalögum þar vestra. Til Íslands kom heyrnarlaus íslendingur með slíkan síma frá Bandaríkjunum árið 1984. Tryggingastofnun Ríkisins ákvað að kaupa sílik tæki fyrir heyrnarlausa og árið 1985 fékk hver heyrnarlaus einstaklingur tvo nýja textasíma ókeypis hérlandis. Þá gátu heyrnarlausir haft fjar-skiptasamband hver við annan í fyrsta skipti á Íslandi.

Árið 1987 var sett á laggirnar norræn nefnd, NFTF (Nordiskt Forum för Telekommunikation och Handikapp (NFTF), sem er ráðgefandi og sér um upplýsingastreymi milli landanna um málefni sem varða símamál fatlaðra. Hér á Íslandi var notaður textasími af Bandarískri gerð frá 1985 til 1993 og var þá ekki hægt að eiga bein samskipti við textasíma á hinum Norðurlöndunum. Seinnipart ársins 1989 upplýstu norsku fulltrúarnir nefndina um textasímaverkefni sem þeir voru að vinna að og sýndu jafnframt fyrstu útgáfu af forriti fyrir samhæfða IBM tölvu, sem nýttist sem textasími með tengingu við almenna símanetið í gegnum upphringimótald.

Könnun sem gerð var á félagslegri stöðu heyrnarlausra á vegum félagsmálaráðuneytis árið 1988 leiddi í ljós að túlkunarþjónusta og textasími væru brýnustu málín.

Árið 1991 var komið upp textasímamiðstöð hjá Landsímanum, í ritsíma-deildinni. Þá hafði verið rætt um textasímamiðstöð á Alþingi. Landssímann var þá eina símafyrirtæki á Íslandi og í eigu ríkisins. Textasímamiðstöðin var opin allan sólarhringinn í upphafi og var mikið notuð fyrstu árin. Heyrnarlausir gátu þá hringt í textasímamiðstöð til að hafa samband við fyrirtækin og fjólskyldu

sína. Þá voru heyrnarlausir ekki háðir því að biðja ættingja eða foreldra sína að hringja fyrir sig og túlka. Einnig gat heyrandi hringt í textasímamiðstöð og svo hringt í heyrnarlausum einstakling ef hann vissi símanúmerið hjá honum.

Árið 1993 voru bandarísku minicom textasímarnir orðnir slitnir og var farið að nota tölvu og samskiptaforrit til að tala í síma sem Síminn létt þýða á íslensku og gaf forritið fritt til heyrnarlausra. Hver og einn heyrnarlaus fékk nýjan tölvu árið 1995. Árið 1998 beitti félagið sér fyrir því að Síminn ynni í norsku textasímaforriti sem var unnið í samvinnu við Norðmenn. Árið eftir kom Skjámi út og allir félagsmenn Félags heyrnarlausra fengu tölvur endurnýjaðar. Síminn gaf samskiptaforrit fyrir textasímann að þessu sinni en fyrirtækið Raflind sá um að þýða það úr norsku og laga að íslenskum aðstæðum. Einhvern veginn fór svo að tækni sem var góð áður, er nú úrelt því Skjámi var aðeins hannaður fyrir símatengingu með módem og ekki hannaður fyrir ADSL tengingu.

Á 40 ára afmælishátið Félags heyrnarlausra á árinu 2000, gaf Landssímann félaginu tvo Siemens T-View myndsíma. Myndsímarnir voru þeir fyrstu sem teknir eru í notkun hér á landi. Annar síminn var staðsettur í Vesturhlíðaskóla og hinn í Félagi heyrnarlausra.

Nokkru síðar fóru heyrnarlausir að nota spjallforritið MSN með því að skrifa skilaboð og ritsíminn fór að nota það. Eftirlspurn eftir þjónustu textasímamiðstöðvar fór minnkandi og fór svo að þjónustutíminn varð styttri en áður var. Árið 2005 var ritsíminn seldur og tók Síminn þá við textasímamiðstöðina. Þá var haldið áfram með textasímaþjónustu sem veitt er með notkun MSN forritsins og er þjónusta opin daglega allan daginn. Gallinn er sá að aðeins heyrnarlausir geta hringt í gegnum textasímamiðstöð en heyrandi geta ekki hringt í heyrnarlausa. Aðalbreytingin er sú að nú eru ekki notuð símanúmer eða spjallað í gegnum símann eins og var áður. Þá voru starfsmenn Símans sem sáu um að túlka í gegnum MSN spjallforritið ekki sérstaklega þjálfaoðir til að túlka símtöl á milli heyrnarlausa og heyrandi.

Árið 2007 tók Síminn þriðju kynslóðar farsímakerfi (3G) formlega í notkun á höfuðborgarsvæðinu og gátu allir sem eiga 3G farsíma og skipta við Símann notfært sér það. Með 3G kerfinu gátu viðmælendur séð hvorn annan á meðan þeir tala saman. Þá gáfu Síminn heyrnarlausum nýja 3G síma og voru heyrnarlausir með þeim fyrstu sem notuð 3G símann. Myndsímtöl með 3G gerðu heyrnarlausum í fyrsta sinn kleift að tala saman á táknmáli í gegnum

farsíma en hingað til höfðu farsímar einungis nýst þeim til SMS-sendinga. Þessi þjónusta hefur verið mikið notuð meðal heyrnarlausra þar sem 3G hefur verið tekið í notkun á Norðurlöndum. Þessir símar voru mjög finir og kom í ljós að Svíar höfðu gert samanburð á 3G tækjum í Svíþjóð og var Motorola 3xx með besta upplausn.

Árið 2008 gerði Félag heyrnarlausra tilraun í samvinnu við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra með mynd síma frá Visiontech í Svíþjóð. Nokkru síðar gerði Táknismiðjan tilraunir með VPAD+ mynd síma frá Viable í Bandaríkjum (með útibú í Frakklandi) og fékk tvo slíka til landsins til prófunar.

Haustið 2009 fór Samskiptamiðstöðin að gera tilraunir með mynd símatúlkapjónustu fyrir heyrnarlausa í gegnum Skype. Það voru tveir Norðurlandabúar, Svíi og Dani, sem bjuggu Skype til en fyrirtækið var stofnað árið 2003 í Eistlandi.

Sú þjónusta sem er veitt á Samskiptamiðstöð er opin í fjóra tíma á virkum degi. Gallinn við þetta er sú að heyrnarlausir geta hringt í gegnum mynd símatúlkun en heyrandi ekki hringt til baka eins og er gert á textasímatúlkun. Forritin Skype og MSN eru e.t.v. góð lausn tímabundið en ekki til frambúðar.

Það er greinilegt að það vantar stefnu í símatúlkun fyrir heyrnarlausa á Íslandi. Óljóst er hvort Síminn ætti að sjá um textasímatúlkuna áfram eða hvort mynd símatúlkun í Samskiptamiðstöð tekur

við textasímatúlkun og þá er spurningin hver eigi að borga þetta þegar Síminn er ekki lengur í eigu ríkisins. Hvaða tækni skyldi vera æskilegust fyrir heyrnarlausa að nota? Hver heyrnarlaus ætti að hafa val á því að geta hringt og talað á táknmáli eða skrifað texta. Tjáningarfórm ætti að vera bundið vali hvers og eins. Segja má að fljótelegra og þægilegra sé fyrir heyrnarlausa að nota mynd síma en að skrifa skilaboð sem tekur umtalsvert lengri tíma.

Æskilegast væri að túlkurinn væri menntaður túlkur sem gæti brúað bil á milli heyrnarlausra og heyrandi. Ekki virðist vera sérstakt fjármagn veitt til reksturs mynd símatúlkun.

Í Bandaríkjum er til textasímatúlkun sem er opin allan sólarhringinn og svo er til mynd símatúlkun sem er líka opin allan sólarhringinn. Hver og einn sem notar síma í Bandaríkjum þarf að greiða ákveðið hlutfall í sjóð sem sér um að greiða mynd símatúlkun og textasímatúlkun í Bandaríkjum. Sem dæmi má nefna að allir símeigendur í Bandaríkjum þurfa að greiða eina krónu af hverju símtali, sem rennur í þennan sjóð.

Ég vona að það komi til þess að gerð verði stefna um símatúlkun fyrir heyrnarlausa. Ég er mjög hrifinn af mynd símatúlkun og tel að þetta sé framtíðarlausin. Þetta er mjög mikilvæg þjónusta fyrir heyrnarlausa og samskiptabréu á milli heyrnarlausra og heyrandi.

Mín skoðun er sú að Skype og MSN hafa ákveðna galla.

Hvorugt er framtíðarlausn fyrir heyrnarlausa og er því hugsað í dag sem bráðabirgðalausn. Myndgæðin í Skype er ekki alltaf góð og fer eftir nettengingu og nethraða.

Heyrnarlausir nota SMS-skilaboð mikið, en ekki geta allir heyrandi tekið á móti slíkum skilaboðum. Heyrnarlausir nota líka 3G síma mikið. Margt eldra fólk hefur ekki tileinkað sér þá tækni. Heyrnarlausir nota mikið MSN-tækni, en vissulega ekki allir. Ef heyrnarlausir ætla að hafa samband við fyrirtæki verða þeir að nota túlk, hvort sem er í gegnum textasímatúlkun eða mynd símatúlkun. En þróunin heldur áfram. 3G er ekki framtíðarlausn í samskiptamálum heyrnarlausra en getur verið góð ef heyrnarlausir vilja eiga stutt spjall í gegnum 3G hvar sem þeir eru staddir. Skjáinn á 3G tækjum er líttill og hráðinn er ekki eins góður og á venjulegum mynd síma.

Norsku textasímaforritin sem er búið að nota hér til dags árin 1993 og 1999 hafa ekki reynst eins vel væntingar stóðu til. Einnig er búið að prófa mynd símatúlkun frá Svíþjóð. Gallinn á þessu er sá að aðeins er hægt að hringja í þann sem er með nákvæmlega sama búnaði. Mynd símatúlkun er ekki hannaðir fyrir Skype. Allir heyrnarlausir í Bandaríkjum fá úthluðað 10 stafa númer eins og hver annar heyrandi og ekki er hægt að nota Skype til að hringja í ákveðin númer nema þann sem er með Skype forrit líka. Áður var notað númer og IP tala en það er ekki lengur í dag. Hver og einn hefur símanúmer sem hann notar til að hringja í viðtakanda hvort sem er heyrandi eða heyrnarlaus.

textasíma eða TDD. Þeir þurftu textasímaþjónustu ef átti að hringja í heyrandi. Hraðinn skiptir mestu máli. Í Bandaríkjum eru til fjölbreyttar gerðir mynd síma, hægt er að fá lítið auga til að setja ofan á sjónvarp og tengjast tölvunni. Það er líka hægt að nota fjarstýringu. Þó hafa margir kvartað yfir því að ekki sé til blikkljós þegar síminn hringir til að láta heyrnarlausa vita af því. Ef til vill er fyndið að það þarf annað hvort blikkljós eða heyrandi man til að láta mann vita að síminn sé að hringja. Ef viðkomandi er ekki heima, þá er hægt að skilja eftir skilaboð á táknmáli. Segja má að mynd síma hafi breytt lífi heyrnarlausra vestanhofs.

Nú hljótum við að sprýja hvort heyrnarlausir Vestanhofs noti Skype? Þeir sem nota Skype þurfa að búa til notendanafn og lykilord til að komast inn. Einnig að hlaða inn forritið Skype í tölvuna sína. Ekki er hægt að nota Skype sem síma í Bandaríkjum, þar sem mynd símatúlkun sjá um dreifingu og uppsetningu á sínum annað hvort með forriti eða búnaði. Mynd símatúlkun er ekki hannaðir fyrir Skype. Allir heyrnarlausir í Bandaríkjum fá úthluðað 10 stafa númer eins og hver annar heyrandi og ekki er hægt að nota Skype til að hringja í ákveðin númer nema þann sem er með Skype forrit líka. Áður var notað númer og IP tala en það er ekki lengur í dag. Hver og einn hefur símanúmer sem hann notar til að hringja í viðtakanda hvort sem er heyrandi eða heyrnarlaus.

Áður fyrr notuðu heyrnarlausir í Bandaríkjum

Norðurlandaráðsfundur DNR í Nuuk á Grænlandi


Í haust fóru tveir fulltrúar, Heiðdís Dögg Eiríksdóttir og Guðmundur Ingason, fyrir hönd stjórnar Fh á DNR fund á Grænlandi. Auk fundarins var haldið málþing um stöðu Döff á Grænlandi.

Á málþinginu voru viðstaddir heilbrigðisráðherra og félagsmálaráðherra Grænlands og töku þeir þátt í pallborðsumræðum. Áður en pallborðsumræður hófust voru skipaðir vinnuhópar sem höfðu það markmið að kenna Döff á Grænlandi að gera þarfagreiningu á stöðu sinni; að setja sér markmið og vinna að þeim og að koma óskum sínum á framfæri. Döff þátttakendur frá Grænlandi stóðu sig með glæsibrag við að upplýsa ráðherrana um stöðu þeirra og þarfir. Eftir málþingið var rætt um leiðir til að fylgja þessu eftir og veita þeim stuðning til að vinna með þetta áfram í Grænlandi. Nokkrar hugmyndir komu fram, þar á meðal að skoða NORA sjóðinn í tengslum við fjarskipti. Ákveðið var að aðstoða Grænland við að gera yfirlýsingum um bága stöðu Döff í Grænlandi og ósk um að úr henni verði bætt. Rætt var um að Ísland beitti sér fyrir því að sækja um styrki til að þátttakendur frá Grænlandi hafi tök á að koma á málþing og DNR fund á Íslandi vorið 2013. Þetta er í vinnslu hjá DNR.

Ýmis málefni voru á fundardagskrá hjá DNR. Fulltrúi hvers lands las upp stutta skýrslu um stöðu

mála í sínu landi. Staðan í Danmörku er bágborin varðandi táknmál s.s málþoku og málumhverfi barna sem þurfa á því að halda. Ákveðið var að herða enn frekar á aðgerðum til að bæta úr þessu og nýta sér norrænt málþing sem haldið var í Jyväskylä í Finnlandi um tvítyngi og á 60 ára afmæli norðurlandaráðs sem haldið var í Finnlandi í lok október 2012. Fulltrúar DNR unnu saman að því að skrifa greinargerð um áhyggjur sínar er varða stöðu táknmálsins í Danmörku og yfirlýsingum sem átti að birta á afmælishátið norðurlandaráðsins.

Samþykkt var að dagana 24.apríl – 28.apríl 2013 verði málþing um atvinnulíf Döff ásamt DNR fundi á Íslandi.



Mínar síður

Rafræn þjónusta á tr.is



Þjónusta í boði:

- Þín gögn, rafræn skjöl
- Bráðabirgðaútreikningur
- Tekjuáætlun
- Skuldir og samningar
- Fyrirspurnir og ábendingar
- Útnefning umboðsmanns



Það er auðvelt og öruggt að tengjast.

Á vef Tryggingastofnunar tr.is, er smellt á þessa mynd



Við innskráningu þarf kennitölu og veflykil ríkisskattstjóra eða rafræn skilríki á debetkortum frá bönkunum.

Veflykill skattsins er sá sami og notaður er við framtalsgerð.

Mínar síður: Fljótlegt, einfalt og öruggt.

Aðstoð veitir starfsfólk Tryggingastofnunar og umboða

- Símar: 560 4460 eða 800 6044
- Netsamtal á www.tr.is
- Tölvupóstur á tr@tr.is
- Heimsókn í þjónustumiðstöð eða umboð um land allt.

Aðstoð er veitt alla virka daga frá kl. 10:00 til 15:30.

Til London á alþjóðlegt keilumót

Miðvikudagsmorguninn 7. nóvember héldu níu íslenskir keiluleikmenn til London á alþjóðlegt keilumót. Það voru Anna Kristín Óladóttir, Ana Rita Comes, Elsa Björg Stefánsdóttir, Unnur Dóra Norðfjörð, Böðvar Már Böðvarsson, Jóel Eiður Einarsson, Vigfús Hallgrímsson og Pröstur Friðþjófsson. Ragnheiður Þorgilsdóttir kom beint frá Kaupmannahöfn seint um kvöldið. Þetta var fyrsta alþjóðamót í keili sem Englendingar skipuleggja og keiluhöllinn var staðsett rétt hjá Heathrow flugvellinum. Skipulagið gekk allt mjög vel og stemmingin var frábær. Fyrsta daginn var lent um hádegi í London og byrjað á að fara með töskunurnar á hótelíð. Síðan var farið í miðbæinn til að fá sér að borða. Hópurinn fór svo upp á hótel til að bíða komu Ragnheiðar frá Kaupmannahöfn. Einnig þurfti hópurinn að safna kröftum fyrir keppnina.

Hópurinn hittist í morgunmat daginn eftir. Keppnin byrjaði kl 10:00 og keppt var til kl.13:00 og svo aftur frá kl.14:00 til kl. 17:00. Fyrsta keppnisdaginn var keppt í einstaklingskeppni og hreppti Ragnheiður 3. sætið. Annan keppnisdaginn var háð tveggja manna keppni. Ragnheiður og Anna spilaðu saman, Elsa Björg og Ana Rita saman, Unnur Dóra og P.Bottari, karlar Pröstur og Jóel, Böðvar Már og Vigfús. Ragnheiður og Anna náðu fyrsta sætinu og slógu út 20 ára gamalt met. Það var frábær frammistaða og voru þær með 2216 stig í heildina. Nokkrir keppendur, sem kepptu á móti þeim, eru ólympíumeistarar en það dugði þeim ekki þar sem Ragnheiður og Anna voru með yfirburðartölur. Seint verður það met slegið. Við óskum þeim Önnu og Ragnheiði innilega til hamingju með frábæran árangur. Öðrum íslenskum keppendum gekk misvel



Íslenskir þáttakendur í lestinni

en flestir náðu þó að bæta árangur sinn. Að lokum var úrslitakeppni . Ragnheiður og Anna komust áfram og var það hörkuspenndi keppni . Þar komst Anna áfram, fór úr 16 lið í 3. sæti. Við óskum Önnu innilega til hamingju með árangurinn. Eftir keppnina var halddi veglegt lokahóf þar sem verðlaunaafhending fór fram. Sunnudagurinn 11. nóvember var lokadagur mótsins og flestir á heimleið.

Þetta var skemmtilegur og góður hópur og mikil fjör. Við kvöddum London

með góðar minningar af skemmtilegu móti. Nú er bara að æfa meira hér heima því það eru spennandi tímar framundan: þrjú alþjóðleg keilumót árið 2013: Stuttgart í mars/apríl , Reykjavík í september og Holland í nóvember. Þar að auki verða ólympíuleikar heyrnarlausra haldnir í Búlgaríu þ.e. í Sofiu í júlí/águst 2013. Það er svo sannarlega gaman að sjá hvemikið er um að vera í keilunni hjá heyrnarlausum.

Hægt er að sjá keiluskor í London o.fl. hér: <http://www.edtpb.com/#!results>





HS ORKA HF



LANDSNET

Kjarnavörur hf.

next



SPARNAÐUR
SPARNAÐUR ALLA LEID



Hvalur hf.



Litlanefnd F4x4 hlýtur Múrbrjótinn



Hópur jeppamanna. Félagsmenn frá félagi heyrnarlausra og fulltrúar í Litlanefnd Ferðaklúbbsins 4x4.

Litlanefnd Ferðaklúbbsins 4x4 hefur fengið viðurkenningu Félags heyrnarlausra sem veitt er félagssamtökum, fyrirtækjum eða stofnunum sem skara fram úr að þess mati í viðhorfi og góðu viðmóti við heyrnarlausa.

Guðmundur Ingason, formaður félagsins, afhenti Ólafi Magnússyni formanni Litlanefndar viðurkenninguna á afmælishátíð félagsins 10. febrúar 2012 þegar Félag heyrnarlausa varð 52 ára.

Litlanefnd Ferðaklúbbsins 4x4 var veitt viðurkenning fyrir frumkvöðlastarf í þágu heyrnarlausra. Litlanefndin hefur átt í góðu samstarfi við heyrnarlausa og margir þeirra komið með Litlanefnd í jeppaferðir.

Stytta sem Litlanefndin fékk til varðveislu nefnist Múrbrjótur og er

farandgripur. Hann var síðast afhentur árið 2010 og þá var það Saumastofa Landsspítalans sem Félagi heyrnarlausra þótti ástæða til þess að veita viðurkenningu.

Litlanefndin er stolt og ánægð að hafa fengið þessa viðurkenningu en hún sýnir svo ekki verður um villst að starfið hefur borið þann árangur sem lagt var af stað með.

Hvað varð til þess að heyrnarlausir fóru að fara með Litlanefnd í jeppaferðir upp á fjöll? Ýmsir úr hópi heyrnarlausra hafa átt sér þann draum að komast í vetrarferðir á fjöll á jeppum sínum. En það var oft erfitt þar sem nauðsynlegt er að vera í talstöðvarsambandi ef eitthvað kemur upp á. Litlanefndin leysti málid og gerði heyrnarlausum kleift að fara í ferðir með þeim.

Fyrsta ferðin var farið í desember 2010.

Í Fréttatímanum frá 24. febrúar er sagt frá þessu og m.a. kemur fram að „Petta byrjaði með því að það voru nokkrir heyrnarlausir sem áttu jeppa en notuðu þá ekki til að fara á fjöll en höfðu áhuga á að prófa. Þeir leituðu því til okkar til að athuga hvort hægt væri að fá aðstoð til að komast af stað,“ segir Ólafur Magnússon, formaður Litlanefndar. „Við höfum talsverða reynslu í þessu enda hefur nefndin staðið fyrir ferðum undanfarin tíu ár fyrir óbreytta eða lítið breyttu jeppa.“

Hann segir að menn í ferðaklúbbnum hafi ekki alveg vitað hvernig þeir ættu að taka á málinu, meðal annars ekki kunnað táknmál, en ákveðið að prófa eina ferð til þess að



sjá hvernig gengi. „Það gekk glimrandi þótt ýmislegt væri með öðrum hætti en við vorum vön, meðal annars talstöðvarsamband milli bíla. Það þurfti því að leysa málid með öðrum hætti, aðallega ljósablikki,“ segir Ólafur. Heyrnarlausir eru velkomnir í ferðir klúbbsins, eins og aðrir, segir Ólafur, en eftir sérferðina fá heyrnarlausu jeppaökumennirnir, að hans sögn, ekki neina sérstaka meðhöndlun.



gildir
frá
1. júní

Nýr afgreiðslutími lauganna

ÁRBÆJARLAUG

Mánud. - fimmtud.	6:30 - 22:00
Föstudaga	6:30 - 20:00
Helgar	9:00 - 18:00

LAUGARDALSLAUG

Mánud. - föstud.	6:30 - 22:00
Helgar	8:00 - 22:00

KLÉBERGSLAUG

Virka daga	17:00 - 21:00
Þriðjudaga	17:00 - 22:00
Helgar	11:00 - 15:00

BREÐHOLTS LAUG

Mánud. - fimmtud.	6:30 - 22:00
Föstudaga	6:30 - 20:00
Helgar	9:00 - 18:00

SUNDHÖLLIN

Mánud. - fimmtud.	6:30 - 22:00
Föstudaga	6:30 - 20:00
Laugardaga	8:00 - 16:00
Sunnudaga	10:00 - 18:00

GRAFARVOGSLAUG

Mánud. - fimmtud.	6:30 - 22:00
Föstudaga	6:30 - 20:00
Helgar	9:00 - 18:00

VESTURBÆJARLAUG

Mánud. - fimmtud.	6:30 - 22:00
Föstudaga	6:30 - 20:00
Helgar	9:00 - 18:00

Fyrir
líkama
og sál



Laugarnar í Reykjavík

www.itr.is | sími 411 5000



Dagur Döf 2012

Helgina 21.-23. september 2012 var Dagur Döf haldinn hátíðlegur. Á föstudeginum fengu félagsmenn að gæða sér á þönnugrilluðu kjöti ásamt meðlæti. Salur Fh var þéttssetinn og voru margir ánægðir með veislumatinn. Kvöldið endaði síðan með björkvöldi. Á laugardeginum var málþing um kosti tvítyngis, á fundi með foreldrum og fleiri hagsmunaaðilinum táknumálsins var rætt um að óskað væri eftir örfyrirlestrum um kosti bess að vera tvítyngdur. Heiðursgestur málþingsins var prófessor Peter Hauser sem er klíniskur taugasálfraeðingur frá Bandaríkjunum. Hann sagði meðal annars frá rannsóknum sem sýna að einstaklingar sem alast upp við tvítyngi stórgräða á því. Engar rannsóknir hafa sýnt fram á að táknumálið dragi

úr árangri á málþoku annars máls. Hann fræddi gesti málþingsins um mikilvægi þess að kenna Döf börnum strax að hlusta með augum þvíþað væri ekki sjálfgefið að þótt barn sé Döf að það hlusti með augum. Margir fyrirlesrar fluttu góð erindi um kosti þess að vera tvítyngdur, til dæmis Döf sem upplifir ágoða af tvítyngi; heyrnarskertur; Döf sem fékk táknumálið seinna á lífsleiðinni; foreldri um reynslu þess að eiga tvítyngt barn; kennari og fleiri. Dagurinn endaði síðan á þögla kvöldinu á Sólón þar sem gestir fengu tækifæri til að upplifa sig í þöglum heimi og að samskipti er samvinna. Döf þjónar þjónuðu til borðs og voru gestir ánægðir með kvöldið. Stefnt er á að endurtaka þetta og halda daginn hátíðlegan á fleiri stöðum á stór Reykjavíkursvæðinu.



Sara og Anja, glæsilegar mæðgur.



Elsa og Magga voru í hátíðarskapi á Döf deginum



Hópurinn á Kaffi Sólón á Döf deginum



Það var létt yfir fólk og glatt á hjalla á Kaffi Sólón.

Skýrsla um þjónustu heyrnarlausra til framtíðar

Þjónusta til framtíðar: Skipan þjónustu við heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda einstaklinga heitir skýrsla framkvæmdanefndar í málefnum heyrnarlausra og heyrnarskertra. Nefndin var skipuð að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytis í desember 2009. Nefndin skilaði skýrslu 10. febrúar 2012 til ráðherra mennta- og menningarmála og velferðarmála.

Fulltrúar Félags heyrnarlausra í nefndinni voru Heiðdís Dögg Eiríksdóttir og Júlia G. Hreinsdóttir. Í skýrslunni er m.a. sagt frá hagsmunasamtökum og stofnunum sem vinna með málefni heyrnarlausra í dag. Einnig var. reynt að leggja mat á núverandi stöðu þjónustu við heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda einstaklinga til þess að hægt sé að átta sig á því hvaða verkpættir eru vel af hendi leystir og hvaða þjónustubáttum er ábótant.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks skal tryggja fötluðu fólk jafnrétti. Hægt er að ná markmiðum annars vegar með sérhæfðri þjónustu og hins vegar með rannsóknum, varðveislu, þróun og miðlun þekkingar á mismunandi samskiptaleiðum og málefnum markhópanna, þar með talið táknmáli og menningu táknmálssamfélagsins.

Við skoðun á stöðu hópanna kemur í ljós

að verulega skortir á að þjónustan sé samræmd og skilvirk og í samræmi við nútíma stjórnsýslu, auk þess sem ekki hefur verið nægileg vitund um ólíkar þjónustuparfir hópanna. Horft er til þess að við framkvæmd þjónustu skuli einn aðili bera ábyrgð á samræmingu þar sem fleiri en ein stofnun og/ eða þjónustuaðili kemur að úrræðum.

Framkvæmdanefndin telur að nauðsynlegt sé að bjóða upp á textun á öllu íslensku sjónvarpsefni. Í skýrslunni kemur fram að tryggja þurfi sérstaklega aðgengi að táknmálstulkun og textun í sjónvarpi þegar fjallað er um viðburði er varða almenning, s.s. aukafréttatíma, blaða- og fréttamannafundi í beinni útsendingu, útsendingar vegna hamfara, stórra þingviðburða og annars er kallar á rof á áður auglýstri dagskrá.

Framkvæmdanefndin telur að safna þurfi upplýsingum um heyrnarlausa, heyrnarskerta og einstaklinga með sambætta sjón- og heyrnarskerðingu miðlægt, þannig að upplýsingarnar nýtist til þróunar og rannsókna. Á þetta meðal annars við um nýjungar á sviði tækni og hjálpartækja. Tryggja þarf að ávallt sé í boði það besta í heyrnartækjum og öðrum hjálpartækjum. Til að tryggja framgang og þróun íslenska táknmálsins þarf ofluga rannsóknarstarfsemi

og miðlun þekkingar á tungumálinu. Framkvæmdanefndin taldi mjög nauðsynlegt að bæta sem allra fyrst þjónustu við heyrnarlausa sem hafa fjölpættar stuðningsþarfir af völdum þroskaskerðingar og/eða geðrökunar, geðfötlunar, fíknisjúkdóma og/eða óásættanlegra félagslegra aðstæðna.

Starfshópur um skipulag og framkvæmd þjónustu milli ríkis og sveitarfélaga starfaði samhliða framkvæmdanefndinni lengst af og hafði gert fyrstu drög að niðurstöðum þótt þau væru ekki lögð fram. Í þeim hópi sátu fulltrúar ráðuneyta mennta- og velferðarmála, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Félags heyrnarlausra og Heyrnarhjálpar, félagi heyrnarskertra. Þau drög sem nú liggja fyrir eftir vinnu hópsins eru mikilvægur áfangi vegna næstu skrefa í skipan þjónustu við markhópana.

Fram hefur komið áhugi ráðherra mennta- og menningarmála og velferðarmála á að unnið verði áfram með tillögur starfshópsins og þær nýttar til að skilgreina markmið, gera áætlanir og móta nýtt skipulag þjónustunnar.

Í niðurstöðum skýrslunnar er lagt til að sett verði á fót verkefnisstjórn með fulltrúum ráðuneytanna tveggja, Sambandi

íslenskra sveitarfélaga, Félagi heyrnarlausra, Heyrnarhjálpar og Fjólu, félags fólks með samsetta sjón- og heyrnarskerðingu. Verkefnisstjórn fengi það hlutverk að skilgreina markmið og leiðir, greina kostnað og móta skipulag til skemmri og lengri tíma.

Nú er hlutverk Félags heyrnarlausra að fylgjast með framþróun og vinnu nýrrar nefndar sem mun fara yfir skýrsluna og koma með tillögur að þjónustuúrræðum.

Stjórn Félags heyrnarlausra vill þakka öllum þeim sem komið hafa að starfinu en það eru fulltrúar framkvæmdanefndarinnar, bakhjarlar sem skipuðu breiða fylkingu hagsmunatengdra aðila að úrræðum fyrir heyrnarlausa. Allir sem að vinnunni komu lögðu fram sitt vinnuframlag launalaust og metur stjórn Félags heyrnarlausra mikils framlag þeirra til vinnunar og sendir þeim öllum miklar þakkir fyrir.

Félagsstarfið í Gerðubergi fyrir alla

Kristinn Jón Bjarnason

Nýlega var því fagnað að 15 ár eruliðin frá því að Félag heyrnarlausra hóf samstarf við félagsstarfið í Gerðubergi. Anna Jóna Lárusdóttir, félagsmálaufulltrúi segir þetta samstarf eiga sér nokkra forsögu eða allt aftur til ársins 1996. Þá hafi heyrnarlausir farið að koma og taka þátt í félagsstarfinu í Gerðubergi. „Petta samstarf stóð í um tvö ár en dó þá út og heyrnarlausir fóru annað. Fólk mundi hins vegar eftir Gerðubergi og mig langaði að koma bessu í gang aftur,“ segir Anna Jóna. „Því hóf ég málss á því við Guðrúnú Jónsdóttur, forstöðukonu félagsstarfsins, hvort möguleikar væru á því að koma bessu starfi aftur á fót. Hún tók mér ljúfmannlega og við fórum af stað að skipuleggja félagsstarf með heyrnarlausum sem fór af stað aftur árið 2008.“ Anna Jóna segir það mjög mikilvægt að heyrnarlausir hafi aðgang að skipulögðum félagsstarfi og því sé ánægjulegt að hafa komið bessu samstarfi á fót að nýju í þeiri góðu aðstöðu sem félagsstarfið í Gerðubergi búi að. „Hér erum við ein af hópnum“ nefnir Anna Jóna og segir að „Við fáum táknmálstúlka og erum með í öllu félagsstarfi hvort sem það er handavinna, ferðalög eða eitthvað annað.“ Anna Jóna segir að margir hinna eldri og þá einkum fólk sem ekki er á vinnumarkaði búi við mikla félagslega einangrun. Því sé mikil nauðsyn að



rækta gott félagsstarf þar sem þetta fólk geti komið saman og ekki siður í samband við heyrandi fólk hvort sem það sé í formi námskeiða eða annars félagsstarfs. Hún bendir heyrnarlausum á að koma í Gerðuberg á þriðjudögum og fimmtudögum og taka þátt í því starfi sem þá fer fram. Félagsstarfið sé þó á engan hátt bundið við þessa two tilteknu vikudaga og langi fólk að mæta þangað, er það hjartanlega velkomið hvenær sem er og fær þá tækifæri til að taka þátt í starfi með heyrandi fólk. Hún segir að alltaf sé möguleiki á að fá túlk ef þörf sé á. Túlkur sé einnig alltaf til staðar ef um fyrirlestra eða ferðir er að ræða eða atriði þar sem nauðsynlegt er að heyrnarlausir geti fylgst með allri orðræðu sem fram fer. Segja má félagsstarfið í Gerðubergi ekki síst ætlað til þess að gefa heyrnarlausu fólk tækifæri til þess að brjóta upp hið daglega mynstur og eiga samneyti

við annað fólk, bæði heyrandi og heyrnarlaust. Í því sambandi sé nauðsynlegt að heyrnarlausir haldi sinni dagskrá og bjóði hinum heyrandi upp á að taka þátt í því sem þeir hafa fram að færa. Þátttakan þurfi að vera gagnkvæm því það sé ekki ætlunin að þeir myndi sérstakan hóp eða einangrist í heyrnarleysinu innan félagsstarfsins. „Petta fólk hefur sitt fram að færa og því nauðsynlegt að það taki þátt í almennu félagsstarfi og blandist heyrandi fólk á þann hátt að báðir gefi og þiggi. Pannig geta þeir sem búa við þau skilyrði að heyra ekki bæði gefið til þeirra sem heyra og einnig tekið þátt í þeirra starfi og þegið af þeim.“

Bjartsýn á samstarfið

Anna Jóna kveðst vera mjög bjartsýn á samstarfið við félagsstarfið í Gerðubergi. „Petta mun vissulega krefjast mikillar vinnu en ég er viss um að þetta starf muni

ganga vel í framtíðinni.“ Anna Jóna, sem sjálf er heyrnarlaus, er það sem kalla mætti hreyfanlegur félagsmálastjóri hjá Félagi heyrnarlausra. Hluti af starfi hennar felst í því að heimsækja heyrnarlaust fólk, ræða við það á táknmáli og veita því aðstoð. Markmiðið er að vinna gegn því að heyrnarlaust fólk sem ekki er á vinnumarkaði lendi í þeiri aðstöðu að verða félagslega einangrað vegna aðstöðu sinnar, að heyra ekki talað orð og geta því ekki tjáð sig á hefðbundnu tungumáli. Að því brýna máli er nú unnið í samstarfi Félags heyrnarlausra og félagsstarfsins í Gerðubergi. Staðurinn er opinn fyrir allan aldur en minna er af yngra fólk í staðurinn er aðeins opinn á vinnutíma á virkum dögum. Starfið er mjög fjölbreytt og það er mikill og skemmtilegur gestagangur allan daginn, hvort sem fólk erað koma í afþreyingu eða bara í kaffi og í spjall.

Kveðjumessa séra Miyako Þórðarsonar

Séra Miyako Þórðarson prestur heyrnarlausra í Grensáskirkju léti af störfum 31. ágúst 2012. Hún hélt kveðjumessu sína í kirkjunni sunnudag 10. júní sl. Séra Miyako hefur verið prestur í Kirkju heyrnarlausra í rúmlega þrjátíu ár. Hún hefur þjónað heyrnarlausum og heyrnarskertum og fjölskyldum þeirra um land allt. Grensáskirkjan var fullsetin við þessa athöfn því söfnuðurinn fjölmennti til að kveðja prest sinn, sem nú lætur af störfum, vegna aldurs eftir langa þjónustu. Eftir messuna voru kaffiveitingar í safnaðarheimili Grensáskirkju í boði Félags heyrnarlausra. Núverandi prestur heyrnarlausra er séra Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir. Margir koma til með að sakna Miyako því hún hefur unnið frábært starf í þágum heyrnarlausra.



Heldri borgarar í mat hjá Sera Miyako í Grensáskirkju

Úr gömlum lögum Félags heyrnarlausra

Fundist hafa gömul lög félagsins sem eru ódagsett. Ekki er vitað hvaða ár þessi lög voru í gildi eða hvort þessi lög öðluðust gildi á einhverjum tímapunkti. Við birtum til gamans útdrátt úr þessum lögum:

2. gr. Félagið er ópolítiskt og tekur enga afstöðu til trúmála.

3. gr. Tilgangur félagsins er að vinna að hvers konar menningar- og hagsmunamálum allra þeirra, sem vegna lélegrar heyrnar hafa ekki getað lært málið á eðlilegan hátt og stuðla að sameiginlegum áhugamálum þeirra.

6. gr. Árgjöld félagsins skulu vera sem hér segir:
Fyrir ekkjur 50 kr.
Fyrir einhleypan karlmann 300 kr.
Fyrir einhleypa konu 150 kr.
Fyrir gifta konu 125 kr.
Fyrir kvæntan mann 150 kr.
Fyrir hjón 225 kr.


Táknmálsstafróf handa öllum 6 ára bekkjum landsins

Í febrúar sl. voru Félag heyrnarlausra og Foreldra- og styrktarfélag heyrnarlausra í samstarfi um að gefa öllum grunnskólabörnum í 1. bekk á landinu íslenska táknmálsstafríð á veggspjaldi sem Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra gaf út.


Veggspjöldin voru send í 190 grunnskóla á landinu en Félag heyrnarlausra keypti þau af Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Hugmyndin með gjöfinni er að gefa börnum landsins tækifæri til að kynnast táknmálini, og læra t.d. að stafa nöfnin sín á táknmáli.

Táknmálstalandi einstaklingar nota handform til að mynda bókstafi og tölur. Hver bókstafur í íslenska stafrófinu á þannig sitt handform í íslenska táknmálini. Þegar orð eru stöfuð á þennan hátt kallast það fingrastöfun.

Þetta er litríkt veggspjald í A1 stærð með íslenska fingrastafrófinu, útgefið af Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.



ÍSLENSKT FINGRASTAFRÓF



Nýir starfsmenn í Félagi heyrnarlausra

Nýlega var ráðið í stöður þriggja nýrra starfsmanna í Félagi heyrnarlausra. Í stöðu skráningaraðila á gögnum og sögulegum minjum félagsins var ráðin Steinunn Þorvaldsdóttir í 50% stöðu fram að áramótum. Sigríður Vala Jóhannsdóttir var ráðin sem fulltrúi menningarmála og viðburða í 50% stöðugildi en það verður í fyrstu ráðið til reynslu í 6 mánaða. Þá var Karenina K. Chiodo ráðin verkefnastjóri í 100% stöðugildi í staðinn fyrir Kristinn Jón.

Helstu verkefni Steinunnar er skipulagning, skráning og varðveisla á sögulegum munum félagsins. Um er að ræða söfnun ogskráningu á

gögnum frá árinu 2002-2011 sem fara til varðveislu hjá Borgarskjalasafni Reykjavíkur. Gögnin eru myndir, myndbönd, fundargögn, úrkippusafn og fleira.

Helstu verkefni Sigríðar Völu er skipulagning og umsjón með tómstunda- og menningarstarfi döf barna og CODA barna og stuðla að vitundarvakningu út á við í samfélagini með ýmsum viðburðum. Hún mun að auki vinna að ýmsum verkefnum fyrir Fh og stjórн Fh að skipulagningu viðburða innan og utan FH. Karenina er menntaður bókasafns- og upplýsingafræðingur með fjölmöðlafræði sem



Steinunn Þorvaldsdóttir



Karenina K. Chiodo

aukagrein. Helstu verkefni hennar er að sjá um félagsmannaskrá, happdrættissölu, pennasölu, o.fl. Karenina hóf störf í ágúst eftir sumarleyfi starfsmanna.

Félag heyrnarlausra býður starfsmennina velkomna til starfa.



Sigríður Vala Jóhannsdóttir

VIÐ STYRKJUM FÉLAG HEYRNARLAUSRA



REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is



Kolbrún Völkudóttir valin maður ársins 2011

Árið 1976 var sú nýlunda tekin upp hjá Félagi heyrnarlausra að velja mann ársins. Þessi viðurkenning er veitt á árshátíð félagsins. Viðurkenningin er veitt þeim félaga sem hefur unnið vel fyrir félagið og sýnt trúmennsku í starfi. Aðeins heyrnarlaus félagsmaður getur hlotið þessa viðurkenningu sem er áritað skjal og farandbikar. Maður ársins 2011 hjá Félagi heyrnarlausra er Kolbrún Völkudóttir. Hlýtur hún viðurkenninguna í þágu menningar og lista.

Félag heyrnarlausra auglýsti eftir áhugasönum til að sitja í nefnd til að úrskurða úr tilnefningum um mann ársins en þar sem enginn bauð sig fram þá var ákveðið að hlutlaus aðili færí í gegnum kassann góða sem innihélt tilnefningar frá félagsmönnum og síðan voru 3 stjórnarmenn sem sátu síðan sveittir við borðið

að neglamann ársins sem var nú ekki mjög erfitt.

Í ræðu Heiðdísar Dögg Eiríksdóttur formanns Félags heyrnarlausra kom fram að Kolbrún hefur gengið grýttan veg en alltaf staðið upp aftur og haldið ótrauð áfram. Hún hefur gefið mikil af sér bæði fyrir þá sem standa henni næst og fyrir samfélagið allt. Kolbrún hefur víðsvegar stigið á svið í ýmsum hlutverkum með miklum krafti, útgeislun og gleði. Hún hefur veitt þjóðfélaginu og samfélagi heyrnarlausra tækifæri til að kynna fegurð listarinnar, bæði í söng og leiklist, sýnt og sannað að táknmálið er kröftugt mál á öllum sviðum og gert það með lagni í einsöngvum, hópsöngvum og í leik sem Tinna Tákmálsálfur.

Félag heyrnarlausra óska Kolbrúnu til hamingju með að vera maður ársins 2011.





Háð og spottar

Sýning Hermanns B. Guðjónssonar
í Gerðubergi

Hermann B. Guðjónsson, heyrnarlaus maður sem býr á Hrafnistu, stundar hannyrðir af miklu kappi. Í vor opnaði Hermann Birgir Guðjónsson sýningu „Háð og spottar“ í Gerðubergi. Sýningin stóð í two mánuði. Á sýningunni voru smyrnuð vegteppi eftir Hermann.

Hermann Birgir Guðjónsson fæddist í Dýrafirði. Þegar hann var mjög ungar var hafis á Dýrafirðinum og afar kaldur veturnar, Hann fékk hálsbólgu sem þróaðist í heilahimnubólgu sem varð til þess að hann missti heyrn í mánaða gamall.

Hann er sjálfmenntaður listamaður sem stundað hefur ýmis verkamannastörf í gegnum tíðina. Eftir að Hermann létt af störfum hefur hann sinnt fjölbreyttu handverki af mikilli eljusemi á vinnustofu Hrafnistu þar sem hann er búsettur. Hann smyrnar, heklar, smíðar, sker út í tré og hnýtir net svo nokkuð sé nefnt. Hermann hefur ríka sköpunargleði og fallegt handbragð auk þess sem gamansemi einkennir mörg verka hans.

Teppin á sýningunni eru smyrnuð vegteppi, þ.e. unnin með sérstakri nál sem notuð er til að draga garnspotta í gegnum grófan stramma svo úr verður loðin rýja áferð. Vegteppin hans eru mörg hver byggð á pólitískri kínni en hann fylgist vel með fréttum og sér á þeim skoplega hlið. Hann hefur m.a. gert verk af Jóhönnu og Steingrími. Það teppi hangir á besta stað í Stjórnarráðinu.

Þessi óvenjulegu og fyndnu verk eftir Hermann eru víða. Eitt í Ráðhúsinu, eitt á Bessastöðum og eitt í ríkisstjórnarherberginu í Stjórnarráðinu. Fram kom í Kastljósi, að enginn annar íslenskur listamaður eigi verk á öllum þessum stöðum.

Verk Hermanns hafa vakið verðskuldaða athygli en þau sýna gjarnan þjóðkunnar persónur, svo sem stjórnmálamenn.

Mörg þessara verka hefur Hermann gefið. Til að gera sýninguna sem veglegasta voru fengin að láni verk í eigu Forseta Íslands, Forsætisráðherra og annarra stjórnmálamanna. Auðvelt er að heillast af verkum Hermanns enda bera þau með sér fágað handbragð, smekkvísi og gott skopskyn. Háð og spottar var hluti af listahátíðinni List án landamæra.



Sagan um Markús, heyrnarlausan skósmið 1851-1918

Eftir Steinunni L. Þorvaldsdóttur, þjóðfræðing

Í fréttabréfi ættfræðifélags á árinu 2011, fannst fyrirspurn og svör um heyrnarlausum forföður. Ættingi hans var að leita að honum. Mér fannst þetta vera áhugavert og fór að skoða betur söguna.

Par er sagt frá heyrnarlausum manni sem fæddist á Íslandi og flutti til Danmerkur í nám eins og flestir aðrir heyrnarlausir Íslendingar sem fóru í nám á tímabilinu 1820-1867. Talið er að um 24 börn og e.t.v. fleiri íslensk börn hafi farið til Danmerkur á þessu tímabili.

Magnús Helgason sagnfræðingur skrifaði stutta heimildagrein í bókina Skagfirðingabók, Rit Sögufélags Skagfirðinga sem kom út árið 2004. Par segir hann frá heyrnarlausum manni, Markúsi Porleifssyni frá Arnarstöðum í Sléttuhlíð, sem fæddist heyrnarlaus 27. júlí 1851. Hann lést 19. nóvember 1918 í Ringsted í Danmörku. Ekki eru til miklar heimildir um hann, en þó er lauslega getið um hann í Skagfirzkum æviskrámi. Par er hans getið í einni setningu: „Markús, f. 1851. Var mállaus og sendur utan.“ Samkvæmt heimildum Prestþjónustubókar Fellsprestkalls segir einnig að Markús hafi farið úr landi árið 1863, en þar stendur líka: „hann fór af hreppnum á stofnun heyrnar-mállausra í Kaupmannahöfn.“ Auk þess var hann skráður sem „niðursetningur“. Hann var aðeins 12 ára þegar hann

fór til Danmerkur á nýjar og framandi slóðir.

Markús hóf nám við Heyrnelleysingjaskólann í Danmörku 14. september 1863 og þar gekk honum vel í skólanum og útskrifaðist hann 21. júlí 1869. Hann fékk tilboð um að verða nemi í skraddaraíðn. Móðirbróðir hans, Jón Jónsson bóni á Mósþórum, sendi honum bréf 11. september 1869 og skrifaði það í tveimur hlutum sem voru skrifaðir á íslensku og dönsku.

Hér er íslenski hlutinn sem Jón skrifaði:

Minn elskulegi systurson

Pitt góða bréf af 6. April 1869 hefur móðir þín fengið og glaðst innilega yfir velfarnan þinni og góðum framförum í skólanum. En jeg verð að færa þér þá sorgarfrétt að móðir þín Helga Jónsdóttir veiktist af landfarsótt fáum dögum eptir það hún hafði fengið bréf Pitt, og sálaðist þann 3. júlí 1869. – Systkini þín eru þar á móti öll frisk og heilbrigð. – Friðbjörn litli bróðir þinn er nú 13 ára gamall og verður væntalega fermdur árið 1871. – Jeg ásamt heimaþólkini mínu vinnum fyrir nauðþurftum okkar með landvinnu og fiskveiðum.

Með því móðir þín nú er dái, og þú víst orðinn óvanur íslenskri vinnu og háttlagi, að ógleymu því að mjög torvelt er að læra íslensku, vil jeg ráða

bér til að fara að læra hjá skraddarameistara Olsen í Kjöge.

Til þess að sýna þér hvað torveld íslenskan er, sendi jeg þér íslenska útlegging þessa bréfs.

Systkini þín biðja heilsa þér, og jeg óska þér allrar gjæfu og heilla í framtíðinni.

Pinn elskandi móðurbróðir Jón Jónsson.

Magnús sagnfræðingur talar um að honum finnist athyglisvert að Jón sé að vara Markús við við að koma aftur til Íslands. Markús hafi fylgt ráðum frænda síns og haldið áfram að læra skraddaraíðn hjá Olsen í Kjöge.

Markús giftist danskri konu, Sidse Marie Christiansdatter sem fæddist 13. október 1853. Þau útskrifuðust bæði þ. 21. júlí 1869 og fengu góðaumsögn í skólanum. Þau gengu í hjónaband í Mattheusarkirkju í Kaupmannahöfn þann 11. mars 1881. Hún tók upp eftirnafnið Thorleifsson. Þau hjónin eignuðust þrjá syni: Christian Valdimar f. 1882, Sören Thorvald f. 1886 og Einar Christian 1892-1983.

Markús vann sjálfstætt og átti vinnustofu og rak heimili í fjöldamörg ár en hann hafði lærling að nafni Peter Herlev sem var einnig heyrnarlaus. Peter var samstarfmaður Markúsar til æviloka.

Markús og Peter léstu á sama degi vegna spænsku

veikinnarsem herjaði á árinu 1918. Þeir voru jarðaðir á sama stað. Kona Markúsar, Sidse Marie lést sjö árum eftir dauða hans.

Markús heimsótti aldrei æskustöðvar sínar í Skagfirði eftir að hann fór frá landinu 12 ára gamall. Hann lifði hamingjuríku lífi. Átti konu og börn sem urðu skósmiðir og ráku vinnustofu.



ÓSKUM LANDSMÖNNUM ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA

Eimskipafélag Íslands er stórt vinnustaður með starfsemi um allan heim. Fyrirtækið hefur verið mikilvægur hlekkur í atvinnulífi Íslendinga í tær 100 ár með flutningastarfsemi á ýmsum sviðum. Eimskip leitast við að leggja samfélaginu lið á margvíslegan hátt. Það er gert með annars með framlagi til forvarna, uppbyggingar margs konar íþróttastarfsemi, stuðningi til lista-, menningar- og góðgerðamála. Að auki er það árviss gjöf frá félagini að annast flutning á Óslóartrénu á Austurvelli fyrir jólin. Leiðir Eimskip og landsmanna hafa því legið saman á fjölmögum sviðum á liðnu ári og þakkar félagið landsmönnum af alhug ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

Eimskipafélagið leggur fjölmögum aðilum lið, þar á meðal þessum:



Fimleikasamband Íslands, styrktaraðili.



Fjölskylduhálp Íslands, styrktaraðili.



Golfsamband Íslands, aðalstyrktaraðili golfss á Íslandi.



Eimskip hefur gefið öllum grunnskólabörnum reiðhjólahálmra síðan árið 2004.



Landsbjörg, Slysavarnaskóli sjómanna, styrktaraðili.



Mædrastyrkisnefnd, styrktaraðili.



Rauði kross Íslands. Eimskip leggur fatasöfnun RKI lið með því að flytja fatnað með Flytjanda frá landsbyggðinni til Reykjavíkur og áfram út til Alþjóðaskrifstofu Rauða krossins.



Sjóminjasafnið, einn helsti styrktaraðili þess.



Skátasamband Íslands, styrktaraðili.



Skógrækt ríkisins (starfsemin í Brynjúdal).



Vesturport, einn helsti styrktaraðili.

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

Heyrnarlausir í gönguferðir með Útivist í summar

Nokkrir heyrnarlausir hafa farið í gönguferðir með Ferðafélaginu Útivist á undanförnum mánuði. Ferðafélagið bauð upp á ókeypis valdar göngur með táknmálstúlk dagana 25. apríl til 5. september. Þá var í boði nokkrar sunnudagsgöngur með túlk sem tók um fjóra til átta tíma með táknmálstúlkí í nokkrum ferðum frá 22. apríl til 14. október. Þá hafa nokkrir tekið sig saman og farið í nokkrar stuttar göngur svo sem í kringum Víðistaðavatn og fleira.

Við áttum stutta spjall við Júlíu, þar sem hún er drifffjöldur í gönguferðunum. Júlia, hvernig vaknaði áhugi hjá þér um göngur með Útivist? „Ég hef alltaf verið áhugasöm um útiveru og náttúru. Ég hef alltaf farið á skíði, gönguskíði, sund og fjallagöngur og allt sem tengist útivist síðan ég var krakki. Ég ætlaði að ganga með Útivist, ogdatt íhug sá möguleiki að fleiri döff myndu vilja koma með, þannig að ég prófaði að auglýsa á heimasiðu deaf. is. Fullrúi frá Útivist kom til Félags heyrnarlausra á föstudagseftirmiðdegi og kynnti Útivist fyrir félagsmönnum. Félagsmenn sýndu þessu mikinn áhuga og þannig fór boltinn af stað“ sagði Júlia.

Hvað hafa margir heyrnarlausir verið í göngunum? „Mér finnst mjög gaman að sjá að hópurinn er blandaður,



Hressir göngugarpar

af báðum kynjum og eru á öllum aldrí. Sú yngsta er 25 ára og sá elsti er 75 ára, aldursbilið er því 50 ár. Oftast erum við sex heyrnarlausí göngu. Stundum erum við þrjú eða tíu í gönguferðum. Oftast er sama fólkid sem hefur gengið með mér, svo sem Guðrún Ólafsdóttir, Rudolf Kristinsson, Vilhjálmur G. Vilhjálmsson, Katla Þórðardóttir og Unnur Dóra Norðfjörð. Sumir hafa verið í einni gönguferð og aðrir oftar. Það er gaman að sjá að fleiri og fleiri hafa áhuga á að vera með,“ segir Júlia.

Á Facebook hefur verið stofnaður lokaður hópur fyrir heyrnarlausa sem hafa áhuga á Útivist, þ.e. hreyfingu, gönguferðum

og fjallgöngu. Í dag eru 49 heyrnarlausir í hópnum. Allir sem hafa áhuga, geta verið með í hópnum og fengið upplýsingar um næstu göngu. „Það eru allir meira en velkomnir“, segir Júlia.

Júlia segir að heyrnarlausum finnist frábært að hafa táknmálstúlk í gönguferðum. Leiðsögumaðu inn segir sögur um svæðið.d. frá Víkingatímabilinu svo ogsögu jarðfræði eða náttúrufræði. „Stundum kemur ókunnugt fólk til okkar og spjallar við okkur allt milli himins og jarðar“ segir Júlia og bætir við að fólkid sé áhugasamt um táknmál og spryji gjarna hvorttáknmálið sé alþjóðlegt og svo framvegis. „Nú sjáum við sömu andlitini

gönguferðunum og spjöllum saman með eða án túlks. Fólk eru að kynnast okkur og ekki lengur feimið að spjalla við okkur“, segir Júlia.

Júía segir að heyrnarlausir hafa stundum talað um hversu gott er fyrir heyrnarlausa að ganga á sömu slóðir og þeir hafa farið á áður og lært af reynslunni með gönguhóp Útivistar í nágrenni Reykjavíkur. Að lokum segir Júlia að allir séu velkomnir og aldur skipti engu máli fyrir gönguferðirnar.

Sumarnámskeið fyrir börn í táknmálsumhverfi

Í júní var boðið upp á námskeið fyrir börn á grunnskólaaldri. Námskeiðið var kennt í Ártúnsskóla dagana 18.-22. júní. Markmið námskeiðsins var að safna saman krökkum á grunnskólaaldri, kenna þeim táknmál og leika saman á táknmáli. Námskeiðið var samstarfsverkefni Félags heyrnarlausra og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra.



Leikur og gaman.



Krakkarnir voru alveg til í að busla.



Andri Fannar að veiða.

Hvað gerir góðan táknmálstúlk?

Eftir Árnýju Guðmundsdóttur

Þann 23. júní síðastlið útskrifaðist ég með meistarapróf í fötlunarfræðum frá Háskóla Íslands. Meistaraprófsritgerðin ber heitið: *Hvað gerir góðan táknmálstúlk?* Til að svara þeirri spurningu talaði ég við 11 döff (heyrnarlausa) notendur túlkaþjónustu, fimm táknmálstúlka og fjóra sérfraðinga á sviði táknmáls og táknmálstulkunar. Leiðbeinandi var Dr. Rannveig Traustadóttir, professor í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands.

Fötlunarfræði

Fötlunarfræði er nýleg fræði grein sem snýr að réttindum fatlaðs fólks og bendir á að samfélagið fatlar einstakling með því að taka honum ekki eins og hann er. Þeir sem stunda rannsóknir innan fötlunarfræða vilja fjölbreytileika í samfélagið og að gert sé ráð fyrir öllum. Það þýðir að einstaklingar eru ekki einungis metnir út frá því hvort þeir hafi skerðingar eða ekki, eins og læknisfræðin gerir, heldur út frá getu sinni.

Döff fræði

Döff (munnhreyfing sem heyrnarlausir nota sjálfir um sig) fræði skoða döff samfélög og menningu. Döff fólk tilheyrir menningar-samfélagi heyrnarlausra þar sem læknisfræðileg skilgreining á heyrnarleysi skiptir ekki máli. Það tilheyrir táknmálssamfélagi, óháð niðurstöðu heyrnarmælinga.

Það skiptir ekki máli hversu mikið einstaklingurinn heyrir, ef hann vill sjálfur kalla sig döff manneskju er hann það. Enginn annar getur ákveðið það fyrir hann. Döff fólk lítur oft á sig sem málminnihlutahóp en ekki fatlað fólk.

Rannsóknin

Rannsóknin er eigindleg og unnin innan fötlunarfræða. Skoðað var hvernig döff fræði og fötlunarfræði tengjast. Viðtölkin við döff einstaklingana voru tekin á táknmáli en viðtölkin við alla aðra voru tekin á íslensku. Sum viðtölkin fóru fram heima hjá viðmælendum en önnur á vinnustöðum þeirra. Viðtölkin voru skráð niður og skoðað hvað væri sameiginlegt innan hópa og hvað ólíkt, og að lokum voru niðurstöður hópanna bornar saman.

Táknmálstulkun

Táknmálstulkun er svið sem lítið hefur verið rannsakað og því mikilvægt að afla þekkingar á henni hér á landi. Þessi rannsókn sýndi að táknmálstulkun á Íslandi er mjög lík táknmálstulkun í öðrum löndum. Víða kemur fram að túlkun er erfitt starf og algengt að túlkur brenni út, líkamlega og andlega, ef þeir vinna of mikið. Túlkar eru mjög mikilvægir fyrir döff fólk og þurfa að vera menntaðir til að geta unnið vel. Von míni er sú að þessi rannsókn nýtist öllum sem tengjast táknmáli og táknmálstulkun.

Niðurstöður

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að túlkaþjónusta hefur þróast hratt undanfarna áratugi eins og samfélag döff fólks. Döff einstaklingum finnst mikilvægt að táknmálstúlkur viðurkenni samfélag þeirra og menningu með því að taka þátt í döff samfélagini. Þeir vilja að túlkurinn sé sjálfstæður og öruggur í sínu starfi. Döff fólk vill hafa reynda og vel þjálfanda túlka í ákveðnum aðstæðum, en nýir túlkar geta vel túlkað við aðrar aðstæður. Táknmálstúlkarnir sjálfir lögðu áherslu á að vera faglegir og á mikilvægi þess að öðlast trúnað og traust döff samfélagsins. Til þess að túlkar haldist lengi í starfi og verði reyndir og vel þjálför þarf að passa upp á að þeir vinni ekki of mikið svo þeir brenni ekki út. Misjafnt var á milli hópanna hversu mikil samskipti viðmælendum fannst að ættu að vera á milli döff fólks og túlkanna. Þeir döff einstaklingar sem nota túlka mikið vilja að túlkar séu ekki mikið í döff samfélagini á meðan að þeir sem nota túlka lítið vilja hafa túlkana meira þar. Túlkarnir höfðu einstaklingsbundnar skoðanir á þessu máli.

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa jafnframtil kynna að döff fólk og fatlað fólk sé sammála félagslegum og menningarlegum sjónarhornum á stöðu sinni í samfélagini. Þess vegna



á döff fólk og fatlað fólk að geta sameinast í baráttunni fyrir jafnrétti og fullum mannréttindum fyrir alla.

Áhugaverðir tenglar:

Hvað gerir góðan táknmálstúlk?
<http://skemman.is/handle/1946/11524>

Pekkingarvefurinn SignWiki
<http://is.signwiki.org/index.php/Fors%C3%ADA>

Táknmálstúlkur í Evrópu
<http://www.efslis.org>

Táknmálstúlkur í Bandaríkjunum
<http://rid.org>



**TM sendir þér og þínnum bestu óskir
um gleðileg jól og farsæld á komandi ári**





SUMT MÁ HELST EKKI VANTA!

Íslensk getspá er öflugur bakhjarlíþróttar- og ungmnennaþingarárinnar og öryrkja á Íslandi.

Allir vinna þegar þú tekur þátt.
Leyfðu þér smá Lottó.



Íslensk getspá er í eigu Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalags Íslands og Ungmnennaþingarárinnar.



WWW.LOTTO.IS